

LANDSRÉTTUR

Úrskurður föstudaginn 12. júní 2026.

Mál nr. 296/2026:

Samkeppniseftirlitið

(Gizur Bergsteinsson lögmaður)

gegn

Samskip Holding B.V.,

Samskipum hf.,

Samskipum innanlands ehf. og

Jónum Transport hf.

(Hörður Felix Harðarson lögmaður)

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómaramarnir Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Kjartan Bjarni Björgvinsson og Kristbjörg Stephensen kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 13. apríl 2026. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 4. maí 2026. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. mars 2026 í málinu nr. E-6110/2025 þar sem málinu var vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að varnaraðilum verði gert að greiða honum kærumálskostnað.
- Varnaraðilar krefjast þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sóknaraðila verði gert að greiða þeim kærumálskostnað.

Málsatvik

- Málsatvikum og málsástæðum aðila er lýst í hinum kærða úrskurði. Eins og þar er rakið hóf sóknaraðili rannsókn á ætluðum brotum varnaraðila og Eimskipafélags Íslands hf. gegn samkeppnislögum nr. 44/2005 árið 2013. Með sátt sem síðastnefnda félagið gerði við sóknaraðila í júní 2021 féllst það á að greiða 1.500.000.000 króna stjórnvaldssekt og viðurkenna alvarleg brot gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið.
- Rannsókn sóknaraðila á ætluðum brotum varnaraðila hélt aftur á móti áfram uns henni lauk með ákvörðun sóknaraðila 31. ágúst 2023. Þar komst sóknaraðili að þeirri niðurstöðu að varnaraðilar Samskip hf. og Samskip Holding B.V. skyldu greiða 4.000.000.000 króna stjórnvaldssekt vegna brota gegn 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins á nánar tilgreindu tímabili. Með ákvörðuninni var varnaraðilum Samskipum hf. og Samskip Holding B.V. jafnframt gert að greiða

200.000.000 króna í stjórnvaldssekt vegna brota gegn 19. gr. samkeppnislaga, sbr. 37. gr. sömu laga.

- 6 Varnaraðilar skutu ákvörðun sóknaraðila til áfrýjunarnefndar samkeppnismála með stjórnslukæru 27. september 2023 þar sem þeir kröfðust þess að ákvörðun sóknaraðila yrði felld úr gildi. Til vara var þess krafist að sektarákvæði ákvörðunarinnar yrðu felld úr gildi en að því frágengnu að fjárhæðir sekta yrðu lækkaðar verulega.
- 7 Með úrskurði 19. mars 2025 lækkaði áfrýjunarnefnd stjórnvaldssekt varnaraðila Samskip Holding B.V. og Samskipa hf. í 2.300.000.000 króna vegna brota gegn 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins en í 100.000.000 króna vegna brots á 19. gr. sömu laga. Ákvörðun sóknaraðila var að öðru leyti staðfest.
- 8 Sóknaraðili krefst þess í stefnu málsins til héraðsdóms að ákvæði úrskurðarins um greiðslu sektanna verði ógilt og að sömu varnaraðilum verði gert að greiða 4.000.000.000 króna sekt í ríkissjóð vegna brota gegn 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins en 200.000.000 króna sekt í ríkissjóð vegna brota gegn 19. gr. samkeppnislaga. Þá er þess einnig krafist að ógilt verði ákvæði úrskurðarins um að sektir, sem þar er kveðið á um, skuli greiðast í ríkissjóð innan 30 daga frá birtingu úrskurðarins. Krefst sóknaraðili þess í stað að fjárhæðir sekta, sem varnaraðilum Samskip Holding B.V. og Samskipum hf. verði með dómi gert að greiða í ríkissjóð, beri dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með þeim hætti sem nánar greinir í stefnu.
- 9 Af forsendum hins kærða úrskurðar verður ráðið að niðurstaða héraðsdóms um að vísa málinu frá héraðsdómi sé einkum á því byggð að stefna sóknaraðila, sem er 135 blaðsíður að lengd, feli í sér óhóflegan skriflegan málflutning í andstöðu við meginreglu einkamálaréttarfars um munnlega málsmeðferð, sbr. 1. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 og brjóti gegn áskilnaði e-liðar 1. mgr. 80. gr. sömu laga um að lýsing málsástæðna skuli vera gagnorð. Til stuðnings niðurstöðu sinni um frávísun málsins vísar héraðsdómur einnig til þess að framlagningu gagna af hálfu sóknaraðila hafi verið ábótavant, þar sem mörg hundruð undirskjöl hafi verið lögð fram undir fáum dómskjalanúmerum án nægilega skýrrar skráningar, í andstöðu við 1. mgr. 95. gr. laganna. Þá er fundið að því í hinum kærða úrskurði að sóknaraðili noti á köflum aðeins skammstafanir nafna stjórnenda og starfsmanna varnaraðila.

Helstu málsástæður aðila

- 10 Sóknaraðili bendir á að upphafleg ákvörðun hans í málinu hafi verið 3.220 blaðsíður auk viðauka en umfjöllun um ólöglegt samráð varnaraðila við Eimskipafélag Íslands hf. hafi tekið yfir 1.820 blaðsíður. Byggir sóknaraðili á því að nauðsynlegt hafi verið að rökstyðja hvernig áfrýjunarnefnd samkeppnismála hafi litið framhjá samtímagögnum og hafnað niðurstöðum hans án viðhlítandi rökstuðnings. Af þeim

sökum hafi verið óhjákvæmilegt að lýsa málsatvikum ítarlega í stefnu til að koma í veg fyrir vanreifun málsins.

- 11 Af hálfu sóknaraðila er því einnig hafnað að lengd stefnu málsins geti leitt til frávísunar frá héraðsdómi á þeim grundvelli að hún feli í sér óhóflegan skriflegan málflutning. Vísar sóknaraðili í því sambandi til þess að almennt sé viðurkennt í dómaframkvæmd bæði hér á landi og erlendis að málflutningsskjöl í flóknum og umfangsmiklum samkeppnismálum séu iðulega mun lengri en í hefðbundnum einkamálum. Tilvitnanir í innlenda og erlenda dóma í stefnu feli heldur ekki í sér óhóflegan skriflegan málflutning, enda hafi slík umfjöllun verið nauðsynleg til að skýra lagagrundvöll og samhengi málsástæðna.
- 12 Sóknaraðili telur enn fremur að umfjöllun í hinum kærða úrskurði um framlagningu gagna gefi ekki rétta mynd af þeim skjölum sem hann lagði fram við þingfestingu málsins. Sóknaraðili hafi lagt fram þau gögn sem voru hluti af því máli sem áfrýjunarnefnd samkeppnismála kvað upp úrskurð sinn í að því leyti sem þau snertu sakarefnið. Gögnin hafi verið í 29 bréfabindum sem hvert og eitt hafi verið lagt fram sem sérstakt dómsskjal ásamt yfirlitslista. Þeim hafi síðan verið raðað upp eftir köflum ákvörðunar sóknaraðila sem auðveldi uppfléttingu í gögnunum, auk þess sem varnaraðilar þekki vel til þeirra frá meðferð málsins á stjórnslustigi. Sóknaraðili vísar til þess að slík framlagning hafi áður verið viðhöfð hjá dómstólum án athugasemda en annar háttur á framlagningu myndi gera það tafsamara fyrir þann sem les ákvörðun sóknaraðila að fara yfir gögn málsins samhliða. Þegar sum gögn séu lögð fram oftast en einu sinni stafi það eingöngu af því að vísað sé til sama gagns í mismunandi köflum ákvörðunar. Þessi háttur sé hafður á til hagræðis fyrir lesanda og gerð grein fyrir því á forsíðu gagnaskrár.
- 13 Varnaraðilar byggja á því að málalíbúnaður sóknaraðila sé í andstöðu við fyrirmæli e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um skýra og gagnorða lýsingu málsástæðna. Í því samhengi verði einnig að horfa til leiðbeinandi reglna dómstólasýslunnar um hámarkslengd stefnu og greinargerða. Þá telja varnaraðilar að sá háttur sem sóknaraðili hefur haft á framlagningu gagna sé í andstöðu við g-lið 1. mgr. 80. gr. sömu laga en að baki ákvæðinu búi það sjónarmið að varnaraðili eigi að hafa þokkalega mynd af sönnunarstöðu máls. Ekki stóði fyrir sóknaraðila að vísa til þess að varnaraðilar hafi haft aðgang að gögnum málsins á stjórnslustigi og eigi því að þekkja gögnin. Þegar þessir annmarkar á stefnu málsins séu metnir heildstætt séu þeir ótvírætt af þeim toga að það valdi frávísun málsins.

Niðurstaða

- 14 Samkvæmt e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 skal greina í stefnu svo glöggst sem verða má málsástæður sem málsókn er byggð á, auk annarra atvika sem þarf til að samhengið verði ljóst. Segir þar jafnframt að þessi lýsing skuli vera gagnorð og svo skýr að ekki fari á milli mála hvert sakarefnið er. Þá skal stefna jafnframt hafa að geyma tilvísun til helstu lagaákvæða eða réttarreglna sem stefnandi byggir

málatilbúnað sinn á, auk þess sem þar ber að greina helstu gögn sem stefnandi hefur til sönnunar og þau gögn sem hann telur að enn þurfi að afla, sbr. f- og g-lið 1. mgr. 80. gr.

- 15 Eins og rakið er í athugasemdum að baki 80. gr. laga í frumvarpi því er varð að lögum nr. 91/1991 var með lögfestingu ákvæðisins horfið frá því fyrirkomulagi að stefnandi skilaði sérstakri greinargerð ásamt stefnu við rekstur einkamáls í héraði. Tilgangur þessarar breytingar var öðru fremur að einfalda skriflegan málatilbúnað stefnanda þannig að stefna geymdi ein og sér til fullnaðar skriflegan málflutning hans.
- 16 Við mat á því hvort kröfum ákvæðisins sé fullnægt verður að líta til eðlis og umfangs sakarefnisins hverju sinni. Í málinu sem hér er til úrlausnar verður að taka mið af því að sóknaraðili hefur samkvæmt 1. mgr. 41. gr. samkeppnislaga sérstaka heimild sem stjórnvald til að höfða mál til ógildingar á úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála fyrir dómstólum. Heimildin helgast af ríkum almannahagsmunum sem og því að dómstólar eigi lokaorðið eftir að ákvörðun um viðurlög liggur fyrir og hafi víðtækt vald til að endurskoða efnislega lögmæti slíkrar stjórnvaldsákvörðunar, svo og sönnunatriði, túlkun lagaatriða og fjárhæð sekta. Þannig sé tryggður réttur einstaklinga og lögaðila til að bera stjórnvaldsákvörðanir um réttindi sín og skyldur undir dómstóla svo sem áskilið er í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. dóm Hæstaréttar 4. mars 2021 í máli nr. 26/2020.
- 17 Þegar sóknaraðili höfðar mál á grundvelli 1. mgr. 41. gr. samkeppnislaga er hann bundinn af meginreglum einkamálaréttarfars, þar á meðal reglunni um forræði aðila á öflun sönnunargagna og reglunni um skýran og glöggan málatilbúnað, sbr. einnig fyrrnefnt ákvæði e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Af því leiðir að hann verður með sama hætti og aðrir aðilar sem krefjast ógildingar á úrskurði áfrýjunarnefndarinnar að gera skilmerkilega og tæmandi grein fyrir þeim málsástæðum sem hann telur eiga að leiða til endurskoðunar dómstóla á úrskurðinum, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 31. janúar 2013 í máli nr. 437/2012, enda getur dómari ekki byggt niðurstöðu sína á málsástæðum sem hefðu mátt koma fram en gerðu það ekki, sbr. 2. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991.
- 18 Í samræmi við framangreint hefur verið gengið út frá því dómaframkvæmd að dómstólar fari með óskorað endurskoðunarvald gagnvart sektarákvörðunum samkeppnisyfirvalda með þeim takmörkunum einum sem leiða af forræði aðila á sakarefninu. Dómstólar meta þannig ekki einungis hvort ákvörðun samkeppnisyfirvalda um sektir styðjist við fullnægjandi heimildir og lögmæt sjónarmið heldur er dómstólum ætlað að meta til hlítar hvaða sekt telst hæfileg með vísan til þeirra lögmæltu viðmiða sem áður greinir.
- 19 Við þetta mat geta dómstólar stuðst við og vísað til mats samkeppnisyfirvalda eftir því sem þeir telja rétt. Þeir eru aftur á móti ekki bundnir við þá afstöðu ef gögn málsins leiða til annars, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 4. febrúar 2016 í máli nr. 278/2015.

Enn fremur er það liður í endurskoðun dómstóla á ákvörðunum samkeppnisyfirvalda samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga, um hvort samningar, samþykktir eða samstilltar aðgerðir fyrirtækja hafi það að markmiði eða leiði til þess að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað, að leysa úr ágreiningi um hvort ákvarðanir séu byggðar á traustum og áreiðanlegum gögnum. Þá tekur slík endurskoðun jafnframt til þess hvort ályktanir samkeppnisyfirvalda af gögnum máls séu forsvaranlegar, sbr. meðal annars til hliðsjónar dóm Evrópudómstólsins 8. desember 2011 í máli C-386/10 *Chalkor AE* P ECLI:EU:C:2011:815, efnisgreinar 54 og 62, og þá dóma sem þar er vitnað til.

- 20 Með hliðsjón af því sem að framan er rakið um forræði málsaðila á öflun sönnunargagna og yfir sakarefni verður úrlausn dómstóla um ákvarðanir samkeppnisyfirvalda að byggjast á þeim gögnum og málsástæðum sem teflt er fram fyrir dómi. Í því efni hefur sóknaraðili rakið í málatilbúnaði sínum í stefnu að hann telji úrskurð áfrýjunarnefndarinnar í máli varnaraðila haldinn verulegum annmörkum. Þannig hafi sönnunarmati nefndarinnar verið áfátt að ýmsu leyti, sem birtist meðal annars í því að hún hafi ekki metið sönnunargögn málsins með heildstæðum hætti. Víkur sóknaraðili í framhaldinu að því hvernig áfrýjunarnefndin hafi í fjölmörgum tilvikum dregið rangar ályktanir af gögnum málsins sem hafi haft áhrif á niðurstöður úrskurðarins, auk þess sem rökstuðning skorti fyrir niðurstöðum. Enn fremur feli niðurstaða nefndarinnar um stjórnvaldssekt varnaraðila vegna brota gegn 10. gr. samkeppnislaga og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins í sér verulegan annmarka, enda tryggi hún ekki skilvirka framkvæmd síðarnefnda ákvæðisins. Vísar sóknaraðili enn fremur til þess að áfrýjunarnefndin hafi lagt rangt viðmið til grundvallar við ákvörðun sektarinnar, auk þess sem hún hafi byggt á því við úrlausn málsins að brotatímabil varnaraðila hafi verið skemmra en raun bar vitni. Þá horfi áfrýjunarnefndin ranglega framhjá frumkvæði varnaraðila og ædstu stjórnenda þeirra við ákvörðun viðurlaga.
- 21 Til marks um þá annmarka sem sóknaraðili telur vera á endurskoðun áfrýjunarnefndarinnar og þar með úrskurði hennar vísar sóknaraðili til eigin ákvörðunar í máli varnaraðila. Sú ákvörðun sem og önnur gögn málsins bera þess ótvírætt merki að málið er afar umfangsmikið og atvik þess ná yfir langt tímabil. Þannig telur ákvörðunin sjálf, þar sem ætluðum brotum varnaraðila er lýst ásamt öðrum atvikum sem þeim tengjast, ein og sér tæplega 3200 blaðsíður. Atvikalýsingin í ákvörðuninni nær í meginatriðum yfir rúmlega sex ára tímabil og spannar hún tæplega 2000 blaðsíður. Í ákvörðuninni er einnig gerð grein fyrir sjónarmiðum varnaraðila um málsmeðferð og lagatúlkun, sem og um þau ætluðu brot og atvik sem sóknaraðili lýsir í ákvörðuninni og nær sú lýsing yfir tæplega 1000 blaðsíður í ákvörðun sóknaraðila. Úrskurður áfrýjunarnefndar sem sóknaraðili leitar endurskoðunar á er 235 blaðsíður. Eru þá ótalin gögn málsins en málatilbúnaður sóknaraðila byggir sem fyrr segir á því að áfrýjunarnefndin hafi að ýmsu leyti metið þau með röngum hætti og dregið af þeim rangar ályktanir.

- 22 Sú meginregla gildir um meðferð einkamála að þau skuli flutt munnlega ef vörnum er haldið uppi, sbr. 1. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991. Þessa meginreglu verður þó að skoða í ljósi annarra réttarfarsreglna, svo sem áðurnefndrar reglu um málsforræði aðila sem fjallað er um að framan. Þá gildir reglan ekki fullum fetum sem sést best af því að aðilar einkamáls leggja fram, auk stefnu og greinargerðar, önnur skrifleg skjöl sem vísað er til í málflutningi án þess að þau séu lesin upp. Verður mat dómstóla á því hvort of langt sé gengið í átt að skriflegum málflutningi í reynd að ráðast af atvikum hverju sinni.
- 23 Þótt sóknaraðili geri í stefnu málsins ítarlega grein fyrir málsástæðum sínum og þeim röksemdum sem hann byggir málatilbúnað sinn á leiðir það ekki til þess að sakarefnið sé vanreifað eða óskýrt. Í því efni er jafnframt nauðsynlegt að taka mið af þeim sjónarmiðum sem á reynir við endurskoðun ákvarðana samkeppnisyfirvalda og áður hefur verið grein fyrir ásamt þeim reglum einkamálaréttarfars sem gilda um meðferð mála fyrir dómi.
- 24 Fyrir liggur að sóknaraðili hefur í stefnu málsins aðgreint með skýrum hætti málsástæður sínar yfir það langa tímabil sem atvik málsins varða. Þegar litið er til efnis stefnunnar sem og þess sem að framan er rakið um umfang þeirrar ákvörðunar sem krafist er ógildingar á, málsástæðna aðila og gagna málsins að öðru leyti, verður að telja að samhengi málsatvika og málsástæðna, sem og tilvísun til réttarreglna, séu nægilega ljós til að varnaraðilar geti tekið til efnisvarna, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 16. júní 2014 í máli nr. 353/2014. Þá verður ekki talið að þær skammstafanir á nöfnum stjórnenda og starfsmanna varnaraðila sem sóknaraðili hefur notast við í stefnu leiði til þess að lýsing sakarefnisins verði óskýr enda verður ekki séð að neinn vafi sé uppi í málinu um við hverja sé átt. Málatilbúnaður sóknaraðila fullnægir því að þessu leyti áskilnaði e- og f- liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 og felur ekki í sér annmarka sem leitt geta til þess að málinu verði vísað frá héraðsdómi af þessum sökum.
- 25 Að því er varðar þá annmarka sem héraðsdómur telur vera á framlagningu gagna í hinum kærða úrskurði þá verður ekki leidd sú skylda af ákvæði g-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 að stefnandi skuli vísa til hvers og eins skjals í meginmáli stefnu, heldur byggir ákvæðið á því að gagnaðila sé gerð grein fyrir því á hvaða gögnum málsóknin hvílir. Þegar metið er hvort sá háttur, sem sóknaraðili hefur haft á framlagningu gagna í þessu tilliti, torveldi varnaraðilum að taka til efnislegra varna verður sem fyrr að taka mið af þeim sjónarmiðum og réttarreglum sem gilda um endurskoðun dómstóla á ákvörðunum samkeppnisyfirvalda og nauðsynjar þess að heildstætt mat fari fram á sönnunargögnum í því sambandi. Þá er ekki unnt að horfa framhjá því að málshöfðunin kemur í kjölfar ítarlegrar meðferðar málsins á tveimur stjórnsýslustigum þar sem varnaraðilum hefur gefist kostur á að andmæla málatilbúnaði sóknaraðila og kynna sér gögn málsins. Verður því ekki séð að umrædd tilhögun við framlagningu gagna sé með þeim hætti að hún torveldi varnaraðilum að

taka til efnislegra varna þannig að tilefni sé til að vísa málinu frá dómi. Þá athugist að ef dómari telur eitthvað óljóst í málatilbúnaði aðila ber honum að réttu lagi að kalla eftir skýringum þeirra og beina því til þeirra að afla frekari gagna, sbr. 2. mgr. 46. gr., 3. mgr. 101. gr. og eftir atvikum 104. gr. laga nr. 91/1991, en ekki vísa málinu frá.

- 26 Samkvæmt framangreindu verður því hvorki talið eins og mál þetta liggur fyrir og með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem búa að baki endurskoðun á ákvörðun samkeppnisyfirvalda að málatilbúnaður sóknaraðila sé í heild eða um einstök atriði haldinn slíkum annmörkum að tilefni hafi verið til að vísa málinu frá héraðsdómi. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnislegrar meðferðar.
- 27 Um kærumálskostnað fer eins og í úrskurðarorði greinir.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðilar, Samskip Holding B.V., Samskip hf., Samskip innanlands ehf. og Jónar Transport hf. greiði sóknaraðila, Samkeppniseftirlitinu, óskipt 600.000 krónur í kærumálskostnað.

Rétt endurrit staðfestir
12.6.2026
Gjald: 2.100 kr.

